

Til .  
**Umhverfis og skipulagsþjónustu  
Hafnarfjarðar.**

**Varðandi:  
Skipulags breytingar á íbúðabyggð í Skarðshlíð,  
sem auglýst var á heimasíðu Hafnarfj. 28. des. 2016.**

Undirritaður stenst illa þá freistingu að rita nokkur orð um skipulagsbreytingu þá sem er til kynningar af íbúðabyggð í Skarðshlíð. Enda ýmislegt sem stingur í augu þar. Til að taka afstöðu til skipulags tillögunar hefði verið góður kostur að birta einnig forskriftina af íbúða og húsagerðunum ef hún er til staðar.

Þá hefði einnig mátt auglýsa breytingarnar aftur þegar nálgadist skiladag á athugasemdum. Mesta mildi að auglýsingin sé ekki fallin út af list með gömlum fréttum á heimasíðu Hafnarfjarðar, man ekki eftir að hafa séð hana annarstaðar?

Eftir textanum má ætla að hugmyndin sé að öll húsin í hverfinu eigi að vera með þökum sem nota má sem garð, íverustað, útirými. (lárétt). Falleg hugsun í smærri einingum á öðrum tíma og stað.

Þetta er stór og dýr kvöð sem ég trúi ekki að eigi að standa við.

Það er ótrúlegt að setja þessa kvöð á þá sem vilja byggja í Hafnarfirði.

Nema hugmyndin sé að afhenta lóðirnar einum stórum verktaka.

Þá þarf heldur ekki að hugsa um lóðirnar sem markaðsvöru. Hef orðið mjög var við það síðustu mánuði að landinn hefur minnkandi trú og smekk fyrir flötum þökum.

Í ljósi nýlegs verkefnis stofunar þar sem litlum suður svölum á gamalt hús var hafna á þeim forsendum að sá sem stendur á svölunum sjái of mikið inn á garð nágretta þá er þakgarðurinn hér dæmi um mismunun á öllum stigum, allavega þegar hæðirnar skarast þannig að efri hæð er inná hálfri neðri hæð, þá er gott sýni frá efri hæð niður í garð íbúðar fyrir neðan.

Vistgata: Fallegt orð sem hér er eyðilaggt með orðagljalfri sem virkar heftandi.

Fyrir mér er vistgata, Austurgatan á 17 júní þar sem er nóg af skiltum og borðum sem lýsir öryggi og félagslegri samheldni og hegðun þeirra sem í götunni búa og um hana fara.

Eða götugrill á Selvogsgötu þar sem búið er að loka götunni með skiltum og hindrunum. Hinsvegar getur akstur tómrar strætisvagna (af stærstu gerð með 1-4 farþega) frá morgni fram til miðnættis um íbúðagötu bæjarins haft þau áhrif á bæjarbúa að þeir fara að skifa pósta eins og þennan.

Ég er alveg samfærður um að eftir lestu á þessum línnum mínum, snýst þeim hugur sem um þessi mál fjalla og gerð verður krafa um falleg, hallandi þök sem ná út fyrir útveggi. Þeir hinir sömu sjá af sér með þetta ofur vistvæna og gera göturnar mannlegar.

Breytt viðhorf til þakgerða má reyndar sjá í nýlegri hugmynd umsækjenda um viðbygginu við SÍF- húsið hér í Hafnarfirði.

Með bestu kveðju.  
Gísli Gretar Gunnarsson.

Hafnarfjörður  
13. feb. 2017.

*Gísli Gretar Gunnarsson*

Hringbraut 17  
220 Hafnarfjörður  
Gísli G. Gunnarsson  
kt. 020649-2409  
s. 555-2020  
s. 861-2628  
gisli@kvardi.is  
www.kvardi.is